

## Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Helgu Halldórsdóttur um varaeintakasafn Landsbókasafns – Háskólabókasafns í Reykholti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að tryggt verði nægjanlegt fjármagn til varaeintakasafns Landsbókasafns – Háskólabókasafns í Reykholti?*
2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að varaeintakasafnið verði áfram byggt upp á faglegan hátt til frambúðar með virku starfi í Reykholti?*

Í fjárlögum ársins 2003 er gert ráð fyrir að framlag til starfsemi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á fjárlagalið 02-905 hækki um 8 millj. kr. vegna rekstrar varaeintakasafns þess sem geymt er í Reykholti í Borgarfirði. Telur ráðuneytið að með þessu móti sé tryggt nægjanlegt fjármagns til rekstrar og uppbyggingar þessarar starfsemi á vegum safnsins.

Ráðuneytið lítur svo á að rekstur varaeintakasafns Landsbókasafns – Háskólabókasafns sé hluti af almennum rekstri safnsins og mun beita sér fyrir því að nægilegt fé fái áfram til rekstrarins og að uppbygging varaeintakasafnsins verði unnin á faglegan hátt í samráði og náinni samvinnu við landsbókavörð.